

# Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 6. mars 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Tryggvi Eiríksson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundi: Pálmi Gauti Hjörleifsson, Heimir Karlsson, Kristinn Hólm, Vignir Traustason og Friðrik Höskuldsson og Jón Frímann Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

## Dagskrá

### 1. Ósk Vísis á Suðurnesjum um að sameinast Félagi skipstjórnarmanna, staðan á því máli.

ÁS sagði frá ferlinu eins og það hefur verið. Kosning um sameiningu Vísis við FS fer í atkvæðagreiðslu 10. apríl nk. ásamt kynningarbréfinu sem sent var öllum Vísis mönnum í febrúar. Atkvæðagreiðslu lýkur 24 apríl. Í kynningarbréfinu er farið yfir ýmislegt er varðar réttindi Vísismanna sem flytjast yfir til FS. Verði sameiningin samþykkt hjá báðum félögum munu félagsmenn Vísis fá sömu réttindi og félagsmenn FS frá 1. júní nk. Kosið verður um sameininguna hjá FS á aðalfundi félagsins föstudaginn fyrir sjómannadag þann 30. maí nk.

### 2. Íbúðamál, staðan

ÁS sagði frá stöðu mála varðandi kaup félagsins á fjórum nýjum íbúðum í Borgartúni 24 sem við höfum nú þegar fengið afhentar. ÁS og Jóna Brynja sjá um kaup á innanstokksmunum, uppsetningu á gardinum, keypt hefur verið Brafa læsingarkerfi sem virkar þannig að leigutakar fá kóða með samningi sem gengur að viðkomandi leiguíbúð. Keypt voru Brafa hótelsjónvörp í íbúðirnar sem gerir okkur mögulegt að setja upplýsingar á skjá varðandi umgengnisreglur og fleira. ÁS sagði frá stöðunni með nýja bústaðinn í Vatsendahlíð í Skorradal en búið er að mála húsið en gera þarf ýmislegt smálegt áður en hann verður tekinn í notkun. Einnig þyrfti skjólvegg við pottinn og lagði hann til að loka bíslagi á milli aðalhúss og gestahúss, þar yrði pláss fyrir þvottavél og þurrkara ásamt geymsluaðstöðu fyrir grill og fleira. Stjórnin samþykkti það.

Nokkur umræða var um útleigureglur um páskana, ein hugmynd var að dregið verði um nöfn umsækjenda og síðan færast þeir sem ekki fá úthlutað ofar á biðlistann. Önnur hugmynd kom fram að menn geti ekki fengið úthlutað íbúðum eða bústöðum tvær páskahelgar í röð. Þetta verður skoðað nánar og settar útleigureglur.

### 3. Fiskifélag Íslands

ÁS sem situr í stjórn Fiskifélagsins fór lauslega yfir sögu þess en hlutverk Fiskifélagsins hefur minnkað með árunum og þess vegna hefur stjórnin tekið ákvörðun um að leggja félagið niður. Eignir félagsins eru andvirði húss Fiskifélagsins ca. 110 milljónir. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hefur lagt til að félagið lifi einhver ár í viðbót sem styrktarsjóður en meirihluti stjórnar vill að því verði slitið og andvirði eigna þess skipt á milli SFS, Landsambands smábátaeigenda (LS), Sjómannasambands Íslands (SSÍ), FS, Félags vélstjóra og málmæknimanna (VM) og Starfsgreinasambandsins. Með því móti geta félögin ráðstafað fjármuninum til þess að styrkja góð málefni. FS fær ca. 5 til 6 milljónir í sinn hlut. Valmundur Valmundsson formaður SSÍ hefur viðrað þá hugmynd að SSÍ, FS og VM, jafnvel LS myndu í sameiningu láta andvirði hluta þessara stéttarfélaga í Fiskifélaginu renna óskipt til Slysavarnaskóla sjómanna. Hugmyndin er að kaupa á MOB bát og klára framkvæmdir við aðstöðu sem er í smíðum í Hafnarfirði til þjálfunar sjómanna í eldvörnum. Þetta yrði gert í nafni Fiskifélags Íslands Fundarmenn samþykktu þessa tillögu einróma.